

Hvatapeningar

Hvatapeningar ársins 2026 eru 67.000 krónur á barn. Öll börn á aldrinum 5-18 ára, með lögheimili í Garðabæ, fá hvatapeninga, þ.e. börn fædd á árunum 2008-2021.

Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega. Skilyrði þess að hægt sé að nýta hvatapeningana er að um skipulagt starf sé að ræða sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Undantekning eru 5 og 6 ára börn þar sem lágmarkstímalengd námskeiða er 20 kennslustundir óháð vikufjölda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, sumarnámskeið, dans í dansskólum og skátastarf.

Hvatapeninga ársins 2026 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2025 og 2026. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2026 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar geymast ekki milli ára. Hvatapeninga líðandi árs er ekki hægt að nýta til að greiða reikninga námskeiðs sem byrjar á næsta ári á eftir.

Hægt er að sækja um „viðbótar hvatapeninga“ krónur 15.000,- í þjónustugátt Garðabæjar ef heildartekjur heimilis eru að meðaltali undir 923.000,- kr. á mánuði hjá einstaklingi, eða 1.131.000,- kr. hjá sambýlisfólki (m.v. launavísitölu 1. janúar 2026). Miðað er við meðaltækjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði þegar umsókn er send inn.

Hvatapeningana er ekki hægt að nýta til að kaupa árskort í líkamsræktarstöðvum en skipulögð unglinganámskeið og dansnámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmennti í þremur elstu árgöngunum, þ.e. 16, 17 og 18 ára (fædd 2008, 2009 og 2010), þau geta nýtt hvatapeningana til að kaupa kort í líkamsræktarstöðvum.

Hægt er að nýta hvatapeninga til þess að greiða niður tónlistarnám, bæði í Tónlistarskóla Garðabæjar og öðrum tónlistarskólum.

Ástæða þess að sveitarfélag um land allt hafa tekið upp slíkar hvatagreiðslur eru niðurstöður langtíma rannsókna á líðan íslenskra barna og ungmenna. Rannsóknirnar sýna að þátttaka í slíku starfi, sem nær yfir að minnsta kosti 10 vikur, hefur marktæk áhrif á bættu velliðan og minni „vandamál“. Íþróttastarf og skátastarf vegur þar langþingst á metum.

Reglur um hvatapeninga (sjá undir flokknum íþróttir og tómstundir)

Leiðbeiningar um notkun hvatapeninga

Leiðir til að nýta hvatapeninga

Ef félag sem barnið er að iðka tómstundir hjá er tengt Sportabler eða XPS skráningarkerfinu á að nýta hvatapeninga beint í gegnum Sportabler eða XPS kerfið. Þá er hakað í að nota hvatapeninga og æfingargjöldin lækka sem nemur inneign hvatapeninga. Þegar hvatapeningar eru nýttir í gegnum skráningarkerfi Sportabler eða XPS þarf að haka í kassann "Nota hvatapeninga Garðabæjar" og þá lækkar upphæð æfingagjalda um þá upphæð sem nemur inneign hvatapeninga fyrir barnið. Athugið að ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk frá félögum þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til félags. Ekki er hægt að koma með reikninga til endurgreiðslu hvatapeninga vegna félaga sem tengd eru Sportabler eða XPS.

Til að nýta hvatapeningana til félaga sem ekki eru tengd Sportabler eða XPS er hægt að koma með reikning frá félaginu í þjónustuver Garðabæjar og fá hvatapeninga endurgreidda.

Ferli þessara tveggja leiða til að nýta hvatapeninga má sjá hér að neðan.

Nýta þarf hvatapeninga ársins 2026 fyrir áramót. Kvittunum (þegar það á við) á að skila fyrir lokun þjónustuværs Garðabæjar þann 18. desember.

Upplýsingar eru einnig veittar í þjónustuveri Garðabæjar, s. 525 8500, eða í netfangi gardabaer@gardabaer.is

+	Hvatapeningar - Sportabler eða XPS
+	Hvatapeningar - önnur félög ekki tengd Sportabler eða XPS